

Álftanes, 4. nóvember 2013

Efni: Samstarf foreldra og stjórnenda / kennara Álftanesskóla

Við undirrituð, fulltrúar foreldra og fulltrúi Foreldrafélags Álftanesskóla í skólaráði, sem og stjórn Foreldrafélagsins, viljum koma á framfæri ósk okkar um markvissara og víðtækara samstarf foreldra og Álftanesskóla í málefnum barna á Álftanesi.

Mikilvægi góðrar samvinnu og samstarfs dylst engum og er meðal annars áréttað í nýrri *Eineltisáætlun grunnskóla Garðabæjar* að „stuðla [skuli] markvisst að samvinnu heimilis og skóla“ (bls.2). Í ný samþykktri *Starfsáætlun Álftanesskóla fyrir árið 2013-2014* kemur fram skýr stefna skólans um gott samstarf við foreldra þar sem meðal annars á að skilgreina hlutverk og væntingar foreldra og skóla í samvinnu við foreldra.

Við tökum heils hugar undir þessi orð og þykir brýnt að skilgreina nánar hlutverk foreldra og skólans, ekki síst þegar unnið er að verkefnum eins og nýrri eineltisáætlun og reglum um notkun snjalltækja á skólatíma, málefni sem snerta óumdeilanlega foreldra jafnt sem skóla.

Þykir okkur stefnumörkun *Starfsáætlunar Álftanesskóla fyrir árið 2013-2014* sem lýtur að foreldrasamstarfi afar jákvæð og viljum við með þessari ályktun lýsa vilja okkar til víðtækrar samvinnu.

Virðingarfyllst,

Anna María Karlsdóttir

Eiríkur Ágúst Guðjónsson

Jóhanna Snorradóttir

F.h. stjórnar foreldrafélagsins
Sigrún Edda Eðvarðsdóttir